

### 2. 18. Þrýstiprófun hitakerfa.

Þegar lokið er lögn miðstöðvarkerfis og áður en pípur eru huldar, skal það þrýstiprófað af meistara að viðstöddum eftirlitsmanni hitaveitustjóra. Prófa skal með köldu vatni og 7 kg/cm<sup>2</sup> þrýstingi.

### 2. 19. Eftirlit og úttekt.

Áður en einstökum hlutum miðstöðvarkerfis er lokað, skal eftirlitsmanni hitaveitustjóra gert aðvart með hæfilegum fyrirvara og skal hann þá gefa út vottorð um ástand lagnarinnar.

### 3. Refsiákvæði.

#### 3. 1. Brot á reglugerð.

Nú brýtur meistari, sem áritar uppdrátt, í bága við reglugerð þessa eða aðrar reglur, sem honum ber að hlíta í starfi sínu, eða brot er framið af starfsmönnum hans og hann ber ábyrgð á, og getur þá hitaveitustjóri veitt honum áminningu.

#### 3. 2. Sektir.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að 30 000 krónum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála. Nú vanrækir maður að vinna verk, sem hitaveitustjóri hefur fyrirskipað samkvæmt reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, og er þá hitaveitustjóra heimilt að láta vinna það, sem á vantar á kostnað aðila. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr hrepps sjóði, en innheimta síðan hjá aðila með lögtaki, ef þörf krefur.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hveragerðishrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 3 31. jan. 1953, um hitaveitur utan Reykjavíkur, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 12. október 1962.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## AUGLÝSING

**um viðauka og breytingar nr. 5 á Lyfsöluskrá II frá 1. febrúar 1961.**

Frá og með 20. október 1962 ganga í gildi viðaukar og breytingar, útgefnar í dag, á Lyfsöluskrá II frá 1. febrúar 1961.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 16. október 1962.*

F. h. r.

**Baldur Möller.**

*Eliás Eliasson.*